

Aðlögunaráætlun 2025-2029 vegna loftslagsbreytinga

Þátttaka í LIFE CLIMA SIP
umsókn til Evrópusambandsins



Aðlögunaráætlun vegna loftslagsbreytinga

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti leiðir nú styrkumsókn til Evrópusambandsins um innleiðingu fyrstu aðlögunaráætlunar Íslands vegna loftslagsbreytinga. Kveðið er á um slíka áætlun í lögum um loftslagsmál og er hún þegar í mótun innan ráðuneytisins. Stefnt er að innleiðingu árin 2025-2029.

Áætlunin er unnin í samræmi við [stefnu stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum](#). Á grundvelli hennar hafa verið mótaðar tillögur fyrir gerð landsáætlunar, [Loftslagsþolið Ísland](#). Þær tillögur byggja á viðtæku [samráði](#) við hagaðila hinna ýmsu geira. Í samráðsferlinu varð til stór [hugmyndabanki aðlögunaraðgerða](#) sem mun nýtast inn í verkefnið.

LIFE CLIMA SIP umsóknin

LIFE sem er umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins og heyrir CLIMA SIP styrkir undir hana og eru veittir til verkefna sem snúa að innleiðingu ríkisáætlana.

Framkvæmd við umsóknina er tvískipt. Í fyrstu er skilað inn grunnhugmynd að verkefninu þar sem samstarfaðilar eru skilgreindir og þær aðgerðir sem sótt er um styrk fyrir listaðar upp. Ef hún fæst samþykkt taka við skrif á fullmótaðri umsókn.

Grunnhugmynd skal skila inn þann 5. september 2024
Fullbúinni umsókn skal skila inn þann 6. mars 2025

Tækifæri til þátttöku

Þátttaka felur í sér tækifæri til þess að móta og framkvæma aðgerðir sem falla undir aðlögun að loftslagsbreytingum og hefðu heimilisfesti undir aðlögunaráætlun.

Styrkurinn byggir á raunkostnaði og er 60% af heildarkostnaði við verkefnið. Mótframlag er því 40% en getur verið á formi vinnuframlags.

Samskonar LIFE-styrkir hafa verið á bilinu 1,5-4,5 milljarðar ISK og styrkuppþæðin myndi dreifast á framkvæmdaaðila yfir tímabilið 2025-2029.

Hvað þarft þú að gera?

Skoða [hugmyndabanka aðlögunaraðgerða](#) og athuga hvort þar er að finna aðgerðir sem falla undir þína starfsemi.

Greina hvort starfsemi þín hafi þegar skilgreint eða vinni þegar að aðgerðum sem falla undir aðlögun að loftslagsbreytingum.



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Veðurstofa Íslands



samtök
atvinnulífsins



Samband íslenskra
sveitarfélaga

rannís